

3. Reglugerð Bandalags íslenskra skáta Skátamót

A. Skátamót

Til þess að útilega eða útisamkoma skáta geti kallast skátamót þarf að uppfylla eftirtalin atriði:

- 1 Lágmarkstími mótsins sé tveir sólarhringar.
- 2 Ákveðin dagskrá sé undirbúin og framkvæmd.
- 3 Skátum úr minnst þremur skátafélögum sé boðin þátttaka.
- 4 Að stjórn BÍS viðurkenni mótið sem skátamót.

B. Landsmót

Á vegum BÍS séu haldin Landsmót þriðja hvert ár. Stjórn BÍS getur þó breytt þessum tímamörkum, t.d. ef minnst á merkisatburðar í skátastarfi með landsmóti.

C. Önnur mót.

Skátafélög, skátasambönd og aðrir aðilar innan skátahreyfingarinnar eru hvattir til að standa fyrir skátamótum. Stjórn BÍS samræmir síðan tímasetningar þannig að reynt verði að komast hjá því að mörg mót verði á sama svæði á svipuðum tíma.

D. Sérsmót.

Stjórn BÍS getur samþykkt frávik frá þessari reglugerð t.d. er varðar skátamót utan hins hefðbundna móttíma (vormót, vetrarmót). Sömuleiðis hvað varðar mót fyrir afmarkaðar greinar skátastarfs s.s. flokkamót, sjóskátamót, radíóskátamót, dróttskátamót.

Samþykkt á stjórnarfundum BÍS, 13. september 1994